

Markaðsstofa Suðurlands ses  
Ársreikningur 2010

Markaðsstofa Suðurlands ses.  
Tryggvagötu 36  
820 Selfossi  
kt. 480109-1470

# Efnisyfirlit

---

|  | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3    |
| Áritun óháðs endurskoðanda.....                      | 4    |
| Rekstrarreikningur.....                              | 5    |
| Efnahagsreikningur.....                              | 6    |
| Sjóðstreymisyfirlit.....                             | 7    |
| Skýringar.....                                       | 8    |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er sjálfseignarstofnun og var stofnað í desember 2008. Tilgangur stofnunarinnar er að efla markaðsstarf á Suðurlandi með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi og gjaldeyriskjör á Suðurlandi. Tilgangur félagsins er að efla samstarf atvinnulífsins, sveitarfélaga, ríkisvaldsins og staðkerfisins með öflugum markaðsstarfi innanlands sem utan með það að markmiði að bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu eða atvinnustarfsemi á svæðinu. Tilgangur stofnunarinnar er því hvers konar markaðs- og kynningarstarf til að stuðla að því að byggð og fjölbreytt atvinnu- og búsetuskilyrði verði til staðar á landsvæðinu öllu.

Á árinu voru greiddar 6.0 millj. kr. í laun auk 1.4 millj. kr. í launatengd gjöld. Laun framkvæmdastjóra námu 6.0 millj. kr. á árinu og er hann eini starfsmaður félagsins.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2010 að fjárhæð 1.681.321 kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 4.353.886 kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 6.000.000, sem er framlag stofnenda félagsins og skiptist það þannig:

|  | Eignarhluti |
|--|-------------|
| Ferðamálasamtök Suðurlands .....             | 33,34%      |
| Atvinnuþróunarfélag Suðurlands .....         | 33,34%      |
| Markaðsstofa Suðurlands ehf .....            | 16,66%      |
| Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu ..... | 16,66%      |

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands ses. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Selfossi, 11. apríl 2011.

Stjórn:

*Guðni Jón Eiríkur*

*Stungurinn*

*Asbjörn Þorsson*

*Sigrúnir Guðjónsdóttir*

Framkvæmdastjóri:

*Páll Guðmundsson*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og stofnfjárhafa Markaðsstofu Suðurlands ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Markaðsstofu Suðurlands ses. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 11. apríl 2010.

KPMG ehf.



# Rekstrarreikningur árið 2010

|  | Skýr. | 2010                | 2009              |
|--|-------|---------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                               |       |                     |                   |
| Seld þjónusta.....                                   |       | 4.833.192           | 2.825.000         |
| Framlög og styrkir .....                             | 3     | 13.555.239          | 9.500.000         |
|  |       | <u>18.388.431</u>   | <u>12.325.000</u> |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                                |       |                     |                   |
| Laun og annar starfsmannakostnaður.....              | 4     | 8.109.294           | 3.475.475         |
| Annar rekstrarkostnaður.....                         | 5     | 12.009.130          | 8.830.206         |
|  |       | <u>20.118.424</u>   | <u>12.305.681</u> |
| <b>Rekstrar(tap)hagnaður.....</b>                    |       | ( 1.729.993)        | 19.319            |
| Fjármunatekjur.....                                  |       | 52.395              | 115.203           |
| Fjármagnsgjöld og verðbætur.....                     |       | ( 3.723)            | 0                 |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals.....</b> |       | <u>48.672</u>       | <u>115.203</u>    |
| <b>(Tap) Hagnaður fyrir tekjuskatt.....</b>          |       | ( 1.681.321)        | 134.522           |
| Tekjuskattur.....                                    | 6     | 0                   | ( 10.815)         |
| <b>(Tap) hagnaður ársins.....</b>                    |       | <u>( 1.681.321)</u> | <u>123.707</u>    |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

|                                    | Skýr. | 2010             | 2009             |
|------------------------------------|-------|------------------|------------------|
| <b>Eignir</b>                      |       |                  |                  |
| Viðskiptakröfur.....               |       | 1.084.102        | 933.750          |
| Aðrar skammtímakröfur.....         |       | 297.494          | 112.683          |
| Handbært fé.....                   |       | 4.282.757        | 5.781.994        |
| Veltufjármunir samtals             |       | <u>5.664.353</u> | <u>6.828.427</u> |
| <b>Eignir samtals</b>              |       | <u>5.664.353</u> | <u>6.828.427</u> |
| <b>Eigið fé</b>                    |       |                  |                  |
| Stofnframlög.....                  |       | 6.000.000        | 6.000.000        |
| Ójafnað eigið fé.....              |       | ( 1.646.114)     | 35.207           |
| Eigið fé samtals                   | 2     | <u>4.353.886</u> | <u>6.035.207</u> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>            |       |                  |                  |
| Viðskiptaskuldir.....              |       | 551.706          | 461.748          |
| Reiknaðir skattar ársins.....      | 6     | 0                | 10.815           |
| Aðrar skammtímaskuldir.....        |       | 758.761          | 320.657          |
| Skammtímaskuldir samtals           |       | <u>1.310.467</u> | <u>793.220</u>   |
| Skuldir samtals                    |       | <u>1.310.467</u> | <u>793.220</u>   |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> |       | <u>5.664.353</u> | <u>6.828.427</u> |

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2010

|  | Skýr. | 2010         | 2009      |
|--|-------|--------------|-----------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                  |       |              |           |
| (Tap) Hagnaður ársins.....                 | 2     | ( 1.681.321) | 123.707   |
| Veltufé (til) frá rekstri                  |       | ( 1.681.321) | 123.707   |
| Breytingar rekstrartengda eigna og skulda: |       |              |           |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....      |       | ( 335.163)   | 4.953.567 |
| Skammtímaskuldir, hækkun.....              |       | 517.247      | 704.720   |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda |       | 182.084      | 5.658.287 |
| Handbært fé (til) frá rekstri              |       | ( 1.499.237) | 5.781.994 |
| <b>Breyting á handbæru fé.....</b>         |       | ( 1.499.237) | 5.781.994 |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>        |       | 5.781.994    | 0         |
| <b>Handbært fé í lok ársins.....</b>       |       | 4.282.757    | 5.781.994 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

|                        | Stofnfé   | Ójafnað eigið fé | Samtals      |
|------------------------|-----------|------------------|--------------|
| Eigið fé 1.1.2010..... | 6.000.000 | 35.207           | 6.035.207    |
| (Tap) ársins.....      | 0         | ( 1.681.321)     | ( 1.681.321) |
| Staða 31.12.2010.....  | 6.000.000 | ( 1.646.114)     | 4.353.886    |

|   | 2010       | 2009      |
|---|------------|-----------|
| <b>3. Framlög og styrkir:</b>                 |            |           |
| Ferðamálastofa.....                           | 3.775.000  | 7.500.000 |
| Ríkissjóður.....                              | 875.000    | 0         |
| Sveitarfélög.....                             | 8.905.239  | 0         |
| Ferðamálasamtök Suðurlands.....               | 0          | 2.000.000 |
|   | 13.555.239 | 9.500.000 |
| <b>4. Laun og annar starfsmannakostnaður:</b> |            |           |
| Laun.....                                     | 6.032.215  | 2.579.600 |
| Ókutækjastyrkur.....                          | 671.073    | 292.744   |
| Móttframlag í líffeyrissjóð.....              | 663.142    | 309.552   |
| Tryggingagjald.....                           | 637.195    | 222.733   |
| Sjúkra- og orlofssjóður.....                  | 75.404     | 32.246    |
| Námskeið og endurmenntun.....                 | 18.500     | 30.400    |
| Starfsmannakostnaður.....                     | 11.765     | 8.200     |
|   | 8.109.294  | 3.475.475 |
| <b>5. Annar rekstrarkostnaður:</b>            |            |           |
| Húsaleiga.....                                | 360.135    | 116.435   |
| Gjaldfærð áhöld og tæki.....                  | 65.229     | 0         |
| Vátryggingar.....                             | 38.427     | 0         |
| Flutningskostnaður.....                       | 40.000     | 18.533    |
| Sími og burðargjöld.....                      | 433.716    | 163.263   |
| Vefsíða og internet.....                      | 1.624.905  | 2.199.484 |
| Pappír, prentun og ritföng.....               | 104.590    | 149.166   |
| Landshlutabæklingar.....                      | 2.799.677  | 1.925.726 |
| Aðrir bæklingar.....                          | 1.071.543  | 429.586   |
| Sýningar og viðburðir.....                    | 2.840.589  | 851.533   |
| Sérfræðipjónusta.....                         | 536.500    | 2.158.550 |
| Bókhald og endurskoðun.....                   | 611.085    | 103.231   |
| Ferða og fundakostnaður.....                  | 505.231    | 91.375    |
| Auglýsingar.....                              | 713.249    | 125.132   |
| Tölva og búnaður.....                         | 0          | 312.589   |
| Húsgögn og innanstokksmunir.....              | 164.661    | 166.369   |
| Pjónustugjöld.....                            | 61.843     | 19.234    |
| Álagt útlagsgjald.....                        | 17.200     | 0         |
| Reiknað útlagsgjald.....                      | 17.900     | 0         |
| Breyting á skráningu.....                     | 2.650      | 0         |
|   | 12.009.130 | 8.830.206 |
| <b>6. Skattamál:</b>                          |            |           |

Þar sem tap var á rekstri Markaðsstofunnar á árinu 2010 mun hún ekki greiða tekjuskatt á árinu 2011. Yfirfærnanlegt skattalegt tap nemur 1.646.221 kr. Og er nýtanlegt til ársins 2020.